

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á fiskveiðiárinu 1. september 1991 til 31. ágúst 1992, á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1 mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, skal greiða fast gjald 5 800 kr.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við úthlutað aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 49 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 1 000 kr.

4. gr.

Fyrir leyfi til veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stöð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald 5 800 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.17, ufsi 0.52, karfi 0.50, grálúða 0.70, skarkoli 0.89, rækja 1.10, humar 14.33, hörpudiskur 0.43, síld 0.13 og loðna 0.06.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þó veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytis.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá 1. september 1991 reglugerð nr. 499/1990.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. ágúst 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinnsson.